

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast óskertur þar til hann hefir náð 2000 — tvö þúsund — krónum. Eftir það skal ávalt leggja $\frac{1}{3}$ ársvaxta við höfuðstólinn, auk þess sem sjóðnum kann að hlotnast af öðrum tekjum: gjöfum, áheitum o. fl.

17

25. febr.

6. gr.

Þeim vöxtum sjóðsins sem ekki eru lagðir við höfuðstól, skal árlega verja sem menningarstyrk handa námfúsum, efnilegum og fátækum unglingum, einum eða fleiri, samkv. 4. gr.

7. gr.

Ár það sem sjóðurinn tekur til starfa skal á vorhreppaskilabingi Ljósavatns- hrepps kjósa 3 menn í úthlutunarnefnd. Nefnd þessi tekur á móti umsóknum um styrk úr sjóðnum, úthlutar styrk og ávísar honum hjá sveitarstjórn. — Kosning nefndarmanna gildir til 4 ára í senn og fer fram samtímis hreppsnefndarkosningum. Sveitarstjórn Ljósavatnshrepps kys 1 mann í úthlutunarnefnd, en kosningabærir sveitarmenn hina tvo. — Jafnan sé þess gætt, að í nefndinni eigi sæti 2 konur, sín úr hvorri kirkjusókn hreppsins (Ljósavatns- og Þóróddsstaðarsóknum).

Hver kjósandi er skyldur að taka kosningu og endurkosningu í úthlutunarnefnd, sem er heill heilsu og innan 60 ára að aldri. Nefndin vinnur kauplaust.

8. gr.

Umsókn um styrk úr sjóðnum sé komin til úthlutunarnefndar fyrir lok septembermánaðar ár hvert. Skal umsókn hverri fylgja vottorð um aldur, heimilisfang og námshæfileika, frá presti og kennara sveitarinnar, einnig meðmæli tveggja heiðvirðra karla eða kvenna í sveitinni.

9. gr.

Nú er það almennur vilji sveitarmanna að breyta að einhverju leyti þessari skipulagsskrá og er það heimilt, þó því aðeins að í engu sé breytt 1.—4. gr. hér að framan.

Ljósavatnshreppi, 4. janúar 1938.

F. h. sveitarfélags Ljósavatnshrepps.

Kristbjörg Marteinsdóttir. Sig. Sigurðsson. Baldvin Baldvinsson.

REGLUGERÐ

um borgun tekju- og eignarskatts til ríkissjóðs af kaupum skattgreiðanda.

18

28. febr.

1. gr.

Nú eru skilyrði til lögtaks á tekju- eða eignarskatti til ríkissjóðs fyrir hendi, og er þá heimilt að láta borga hinn vangoldna skatt af launum skattgreiðanda, er hann tekur af almanna fé, eða kaupum því, er hann á rétt á hjá öðrum, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í reglugerð þessari, án tillits til þess, hvort skattgreiðandi getur bent á næga muni til lögtaks eða ekki.

2. gr.

Heimilt er fógeta að kveða á um borgun skatta samkvæmt framansögðu á heimili skattgreiðanda, sé hann þar sjálfur mættur, eða einhver af hans hálfu, sem gefið getur skýrslu um heimilishagi hans, sbr. 3. mgr. 3. gr., og atriði þau, sem getið er í 4. mgr. greinar þessarar.

18 Haldi kaupgreiðandi skrifstofu í sambandi við atvinnurekstur þann, er skatt-
28. febr. greiðandi vinnur að, getur fógæti og sett rétt sinn þar, en ella á þeim stað, sem kaup-
ið eða launin eru greidd af hendi, eða á vinnustaðnum eða heimili kaupgreiðanda.
Skal rétturinn settur þar fyrir kaupgreiðanda sjálfum, starfsfólki hans eða heimilis-
fólki, og skal skattgreiðanda jafnan gefinn kostur á að mæta í réttinum, verði því
við komið án verulegrar tafar.

Ennfremur getur fógæti boðað skattgreiðanda, og ef þess gerist þörf kaup-
greiðanda hans, fyrir sig á skrifstofu sína eða annan ákveðinn stað, í því skyni að
kveða á um fastsetningu kaups hans.

Þeim, sem samkvæmt framansögðu mæta fyrir fógætarétti, skal skylt að gefa
þar skýrslu um atvinnu skattgreiðanda, launakjör hans, upphæð kaups, greiðslu-
máta þess og gjaldþaga, og um önnur þau atriði, sem nauðsynlegt er að upplýst séu,
er kveða skal á um borgun skatta af kaupum skattgreiðanda.

Nú mætir kaupgreiðandi eigi fyrir fógætarétti löglega tilkvaddur eða gefur eigi þá
skýrslu, er hann er krafinn um, og skal hann þá sæta þingvíti eftir þeim reglum, er
gilda um vitni. Mæti skattgreiðandi eigi eða gefi hann eigi fullnægjandi skýrslu, skal
farið eftir því, sem fyrir er mælt í 37. gr. aðfararlaganna.

3. gr.

Að fengnum upplýsingum þeim, sem ræðir um í 2. gr., kveður fógæti á um það
með úrskurði, hvort hinn vangoldni skattur skuli greiddur af kaupum eða launum
skattgreiðanda. Skal upphæð sú, sem greiða á, tiltekin í úrskurðinum, svo og hvenær
hún skuli greidd og hverjum, og má, ef þörf gerist, skipta henni niður í fleiri kaup-
greiðslutímabil og skal þá tiltekin sú upphæð, er tekin skuli af kaupum eða launum
skattgreiðanda fyrir hvert greiðslutímabil.

Úrskurð þennan skal fógæti tilkynna kaupgreiðanda og skattgreiðanda bréflega,
sú þeir ekki staddir í réttinum, er úrskurðurinn er kveðinn upp.

Þegar úrskurð skal samkvæmt þessari grein, skal taka hæfilegt tillit til heim-
ilishags skattgreiðanda, og þess gætt, að eigi sé gengið svo nærri honum um skatt-
heimtuna að hætta sé á, að hann geti eigi séð sér og sínum farborða.

4. gr.

Nú hefir úrskurður gengið samkvæmt því, sem sagt er hér að framan, og er
kaupgreiðanda þá skylt að halda eftir á hverjum kaupgreiðsludegi þeirri upphæð af
kaupum eða launum skattgreiðanda fyrir það kaupgreiðslutímabil, er úrskurðað var
að þá skyldi haldið eftir. Upphæð þessa skal kaupgreiðandi, innan tveggja virkra
daga frá kaupgreiðsludegi, greiða beint til fógæta eða innheimtumanns hans, og er
sú greiðsla bindandi fyrir skattgreiðanda.

5. gr.

Hvorki skattgreiðandi né kaupgreiðandi mega slíta vinnusamningi sínum fyrir
það eitt, að úrskurðað hefir verið, að skattur skuli greiddur af væntanlegu kaupum
skattgreiðanda.

Nú hefir kaupgreiðandi greitt út kaup eða laun skattgreiðanda án þess að
halda eftir upphæð, er úrskurður kvað á að eftir skyldi haldið, eða hann greiðir
eigi fógæta eða innheimtumanni hans, svo sem segir í 4. gr., fé, er hann hélt eftir
samkvæmt úrskurði, og má þá gera lögtak í eignum kaupgreiðanda fyrir því fé.

6. gr.

Úrskurði samkvæmt 3. gr. geta skattgreiðandi og kaupgreiðandi, annar eða báð-
ir, svo og innheimtumaður skattsins, fyrir hönd ríkissjóðs, skotið til hæstaréttar.
Um málskot fer eftir venjulegum reglum um málskot fógætaréttarúrskurðar.

Nú hefir úrskurði samkvæmt 3. gr. verið áfrýjað, og frestar þá sú áfrýjun eigi skyldu kaupgreiðanda til að halda eftir kaupum eða launum, samkvæmt ákvæðum úrskurðarins, eða að greiða það fé til fógeta eða innheimtumanns hans. 18
28. febr.

7. gr.

Fyrir fógetað þá, er fram fer samkvæmt 2. og 3. gr., skal greiða réttar- og vottagjöld sem fyrir aðfarargerðir. Gjöld þessi og annan kostnað við gerðina greiði skattgreiðandi, og má kveða á í úrskurðinum, að þau skuli greidd af kaupum hans eða launum ásamt skattinum.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað, og er jafnframt úr gildi numin reglugerð nr. 115, 28. desember 1932, um borgun tekju- og eignarskatts til ríkissjóðs af kaupum skattgreiðanda.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 6, 9. júní 1935, 45. gr. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 28. febrúar 1938.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Þorgerðar Jónsdóttur og Guðmundar Jónssonar frá Hornsstöðum í Dalasýslu“, útgefin á venjulegan hátt 12. marz 1938 ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra. 19
12. marz

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Þorgerðar Jónsdóttur og Guðmundar Jónssonar, frá Hornsstöðum í Dalasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita Minningarsjóður hjónanna Þorgerðar Jónsdóttur og Guðmundar Jónssonar frá Hornsstöðum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur —, sem við undirrituð systkini leggjum fram sem stofnendur nefnds sjóðs, til minningar um foreldra okkar.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er: Að styrkja fátæka sjúklinga til læknishjálpar í fjórum hreppum Dalasýslu, sem eru: Hvammssveit, Laxárdalur, Haukadalur og Miðdalir, enda séu sjúklingar þeir, sem styrksins njóta, ekki á sveitarframfæri, og skulu afkomendur nefndra hjóna ganga fyrir, að öðru jöfnu.

4. gr.

Verja má allt að hálfum ársvöxtum sjóðsins til styrktar því, sem í 3. gr. segir, þegar þeir nema 400 kr. Höfuðstólinn má þó aldrei skerða, og skulu hálfir vextir,